RÍKISENDURSKOÐUN
Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd – SEN	7. október 2019	19090151
Austurstræti 8-10		11.01
150 Reykjavík		GJJ/ih

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, með síðari breytingum – þingmál 125

Ríkisendurskoðandi hefur þann 26. september 2019 móttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Um er að ræða frumvarp sem lagt er fram af hálfu forsætisnefndar þar sem kveðið er á um breytingar á 1. mgr. 21. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Nánar tiltekið kveður frumvarpið á um að ákvæði 4. gr. nýsamþykktra laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, gildi ekki um ríkisendurskoðanda, Ríkisendurskoðun eða starfsmenn embættisins.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur skýrt fram af hverju þörf er á umræddri lagabreytingu og tekur ríkisendurskoðandi undir það sem þar kemur fram. Ríkisendurskoðandi telur nauðsynlegt að frumvarpið verði samþykkt til að koma í veg fyrir misskilning og ágreining síðar meir um starfsskyldur og heimildir ríkisendurskoðanda, Ríkisendurskoðunar og starfsmanna embættisins.

Virðingarfyllst,

Sími / telephone: (+354) 569 7100, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no.: 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.is, heimasíða / http: www.rikisend.is